

GREINARGERÐ UM INNRA MAT

Niðurstaða innra mats (styrkleikar og tækifæri)

Stutt lýsing á skóla og vinnu við innra mat

Hvassaleitisskóli er 200 barna skóli með nemendum í 1.-7. bekk. Í skólanum er starfandi einhverfudeild og þar stunda 9 nemendur nám. Í skólanum er lögð áhersla á að setja nemendur og þarfir þeirra í fyrsta sæti. Í vetur erum við á þriðja árinu okkar við innleiðingu leiðsagnarnáms og hefur áherslan verið á gæði kennslu og endurskoðun á námskrám samkvæmt nýrri aðalnámskrá. Á yngsta stigi er kennt eftir aðferðum Byrjendalæsis og á miðstigi eftir aðferðum Leið til læsis.

Fagmennskuteymi skólans heldur utan um innra matið og sitja þar tveir stjórnendur og einn kennari. Auk þess starfa nokkur teymi í skólanum s.s. forvarnarteymi, réttindaskólateymi, læsisteymi, leiðsagnanámteymi ef nefna á nokkur. Þau koma að verkefnum skólastarfs og vinna að úrbótum. Matsfundur var haldinn einu sinni á skólaárinu með starfsmannahópnum. Gögn sem notuð voru í matinu eru m.a. Gæðaviðmið grunnskóla, viðhorfskannanir nemenda, foreldra og starfsfólks, starfsmannaviðtöl, niðurstöður námsmats (Matsferill), heimsóknir í kennslustundir og sjálfsmat kennara.

Áhersluþættir 2025-2026

Innra mat Hvassaleitisskóla á skólaárinu 2025-2026 beindist að því að leggja mat á faglegt samstarf og samræðu, gæði og árangur skólastarfsins. Helstu áhersluþættir skólaársins má finna í matsáætlun. Þeir voru valdir úr [gæðaviðmiðum Menntamálastofnunar](#) sem og líðan og viðhorf nemenda og starfsfólks og náðu yfir eftirfarandi svið:

Faglegt samstarf og samræða (kafla 1.2)

Markmið:

Rýnt var í starfsþróunarviðtöl, niðurstöður stofnunar ársins, foreldrakönnun og matsfundar

Framkvæmd:

Rýnihópar starfsfólks mátu gæðaviðmið grunnskóla á matsfundi. Jafnframt var rýnt í starfsþróunarviðtöl, stofnun ársins og foreldrakönnun.

Árangur náms (kafla 2.2)

Markmið:

Að allir nemendur sýni framfarir og að árangur í lesfimi og matsferli nemenda sé yfir landsmeðaltali í öllum árgöngum.

Framkvæmd:

Staðan var metin reglulega með lesfimi- og lesskilningsprófum ásamt Matsferli og Skólapúlssi.

Gæði kennslu (kafli 2.3)

Markmið:

Kennsla endurspeglar áherslur skólans um gæðakennslu og nálgun við nám.

Framkvæmd:

Notast var við gæða ramma skólans við innlit í kennslustundir til að meta hvort kennslustundir uppfylltu öll þau markmið sem starfsmanna hópurinn setti í gæðaramma skólans, undirbúningur, upphaf, miðjumat og lok kennslustundar. Rýnihópar starfsfólks mátu gæðaviðmið. Jafnframt var rýnt í Skólapúlsinn, foreldrakönnun og Fagmennskukönnun SFS.

Líðan og velferð nemenda og starfsfólks

Markmið:

Að skapa öruggt og styðjandi skólaumhverfi þar sem öllum nemendum líður vel.

Að starfsánægja starfsfólks sé yfir meðaltali í Reykjavík.

Framkvæmd:

Staða nemenda og starfsfólks var greind með Skólapúlsinum, Íslensku æskulýðsrannsókninni, könnun um líðan nemenda, foreldraviðtölum og starfsþróunarsamtölum, starfsmannakönnunum eins og Stofnun ársins.

Helstu niðurstöður innra mats

Mat skólaársins 2025–2026 leiddi í ljós að styrkleikar skólans liggja m.a. í stjórnun, gæðum kennslu og árangri náms. Áherslupættir sem þarfnast umbóta eru m.a. þátttaka foreldra í skólastarfi, kynning á stefnu og gildum skólans og upplýsingar til foreldra um námsárangur. Bæta þarf lestrarumhverfi skólans t.d með því að hafa bókasafnið meira opið.

Styrkleikar og tækifæri

Styrkleikar:

- Stjórnun og jafnrétti
- Góður árangur í Matsferli (Nemendur skólans voru yfir landsmeðaltali í allflestum árgöngum í lesfimi, lesskilning og stærðfræði)
- Góður stuðningur við nemendur sem eru með sértækar stuðningsþarfir
- Fjölbreyttir og skipulagðir kennsluhættir og sýnileiki náms á veggjum
- Starfsandi, ánægja og stolt starfsmanna
- Góð samskipti nemenda við kennara
- Öflug teymiskennsla

Tækifæri til umbóta:

- Kynna stefnu og gildi skólans
- Auka þátttöku forelda í námi nemenda
- Kynning innra mats
- Gagnsæi í námsmáti: Viðmið og matskvarðar eru skýr í skólanámskrá og námsmat er markvisst tengt hæfniviðmiðum í námsumsjónarkerfi.
- Virk þátttaka nemenda og sjálfstæði
- Umræður námsfélaga um námið
- Endurgjöf í lok kennslustunda
- Vinnuumhverfi ábótavant – loftgæði, lýsing, hljóðvist, matar- og kaffiaðstaða

Eftirfarandi þættir verða settir í umbótaáætlun skólans.